

Fundartími: 04.02 2021 11:00-11:45

Fulltrúar sem eru mættir:

Fulltrúar sem eru fjarverandi:

Inda Björk Gunnarsdóttir skólastjóri
Ágústa Hrönn Kristinsdóttir
Þórdís Huld Vignisdóttir

Jón Þór Sigurðsson

Auglýst dagskrá fundar:

1. Ágústa Hrönn, nýr meðlimur boðin velkomin.
2. Samantekt á vinnu varðandi Covid-19
3. Gæðaráð Kiðagils, gæðaviðmið, menntastefna Akureyrarbæjar
4. Stytting vinnuvikunnar
5. Mæting á milli jóla og nýárs
6. Kynning á verkefni Þóru Másdóttur

Fundargerð:

- 1) Ágústa Hrönn boðin velkomin í foreldraráð Kiðagils
- 2) Skólastjóri fór yfir vinnufyrirkomulag starfsmanna þar sem af er Covid tímabilinu. Farið yfir hólfaskiptingu húsin, þær reglur sem eru í gildi núna. Vinnufyrirkomulag varðandi sóttvarnir almennt. Skólastjóri kom einnig inná hversu vel starfsfólk er að standa sig og tóku Þórdís og Ágústa undir það.
- 3) Farið yfir tilveru gæðaráðs og vinnu leikskólans varðandi gæðaviðmið í vinnu við menntastefnu Akureyrar
<https://docs.google.com/document/d/1JIToPGuMrczTv6ayUPtSuQ-FApWHn4u1Quza5iKUtiw/edit?usp=sharing> linkur á vinnuskjal Gæðaráðs sendur á foreldraráð svo þeir geti kynnt sér málið betur.
- 4) Stytting vinnuvikunnar. Umræða um framkvæmd styttingu vinnuvikunnar. Að styttingin sé ekki kostnaðarlaus og í flestum tilfellum sé afleysing notuð til að leysa vinnustyttinguna. Skólinn hefur ávallt í huga öryggismörk, sem þó eru ekki komin formlega út frá Akureyrarbæ. Miðað er við útreikninga sem notaðri eru í fjárhagsáætlun og útreikningar varðandi stöðugildi miðast út frá. Vinnustytting hefur gengið vel frá áramótum en hún er ávallt á kostnað einhvers, afleysingar, breytingar á vinnutíma, undirbúnings, sameiningu deilda eða að fólk fari í vinnustyttingu á tímum sem því hentar ekki. Vinnustytting er ýmist tekin að morgni, um miðjan dag eða í lok dags. Allar deildir eru með rúllandi plön varðandi vinnustyttingu og skipta starfsmenn um tíma ef svo ber undir. Allar skeppur fyrir utan læknaheimsóknir falla undir vinnustyttingu. Vinnustytting er 65 mín á viku og skal, samkvæmt Akureyrarbæ, veitt innan vinnuvikunnar.
- 5) Farið var yfir mætingu á milli jóla og nýárs. Á árinu 2020 var mæting þessa daga rétt rúmlega 30% Umræður um fyrirspurnir til foreldra varðandi mætingu þessa daga og nauðsyn þess að það sé opinskátt afhverju verið sé að spyrja. Vegna

innkaupa og eldhúss og einnig vegna fjölda barna og óska um frí hjá starfsmönnum. Fyrir utan sumarfrístímabil og Dimbilviku eru þetta þeir dagar þar sem auðveldast er að gefa frí út frá mætingu nemenda.

- 6) Skólastjóri kynnti verkefni dr. Þóru Másdóttur talmeinafræðings og lektor við Háskóla Íslands. Dr. Þóra stefnir að rannsókn þar sem megin tilangur verður að bera saman færni barna í framburði með stöðluðum prófum við mat foreldra og leikskólakennara. Niðurstöðurnar verða síðan liður í að þróa matstæki sem leikskólakennarar geta notað til að skilma á handhægan og áreiðanlegan hátt fyrir framburðar-og málþroskavanda barna.

Önnur mál: Umræða um bílastæðamál hjá leikskólanum Kiðagili. Skólastjóri sendi fyrirspurn til UMSA (umhverfis og mannvirkjasvið Akureyrar) Svar frá þeim verður sent ráðinu þegar það berst.

Fundartími.
11:00-12:05

Næsti fundur verður
02.03 2021

Undirritun